

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir <thordissif@isafjordur.is>
Sent: fóstudagur, 21. febrúar 2020 17:47
Til: Jón Prándur Stefánsson
Efni: Bæjarstjórn - 452

Sæll Jón Prándur,

Meðfylgjandi er afrit úr fundargerð 452. fundar bæjarstjórnar sem haldinn var 20. febrúar sl., þar sem sérreglur um byggðakvóta fiskveiðíársins 2019/2020 fyrir Flateyri var samþykkt í þremur liðum:

„2019090036 - Byggðakvóti fiskveiðíárið 2019/2020

Bæjarstjóri leggur fram tillögu að sérreglum fyrir byggðakvóta fiskveiðíársins 2019/2020 fyrir byggðakvóta á Flateyri í þremur liðum:

"I) Ákvæði reglugerðar nr. 676/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Flateyrar sem fluttist frá fiskveiðíárinu 2018/2019, alls 178 þorskígildistonn, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks byggðarlagsins sem varð eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, samtals 178 þorskígildistonn, skal fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan byggðarlagsins á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019. Þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum talið á fiskveiðíárinu 2018/2019.

Afla af fiskiskipum sem landað er í byggðarluginu af bátum sem ekki eru skráðir innan byggðarlagsins á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er heimilt að landa þessum afla, á fiskmarkað innan byggðarlagsins án mótfamlags og án vinnsluskyldu, á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020. Fiskistofa skal afhenda byggðakvóta í þorskígildum talið, jafnóðum og löndun á sér stað og vigtarnótur berast, þar til úthlutun er fullnýtt.

Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.

II) Ákvæði reglugerðar nr. 676/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Flateyrar á alls 300

þorskígildistonnunum, sem tilheyra fiskveiðíárinu 2019/2020, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnu-skyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

b) Ákvæði c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarféluginu 1. júlí 2019.

Önnur málsgrein 1. gr. fellur brott.

c) Ákvæði 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess afla-marks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, alls 300 þorskígildistonn, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistoni á bát, 40% af því sem eftir standur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum talið á fiskveiðíárinu 2018/2019, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á

tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Bátar geta fengið úthlutun úr báðum pottum, þó skal við hámarksúthlutun á bát miða við samtölu úthlutunar úr báðum pottum, I) og II).

Afla af fiskiskipum sem landað er í sveitarféluginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

d) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyld að landa þeim afla, sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan byggðarlagsins, á tíma-bilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.

III) Ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 676/2019 verði felld niður, þ.e. eftirfarandi málsgrein:

"Heimilt er að úthluta aflamarki byggðarлага til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í."

Til máls töku: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Daníel Jakobsson

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.“

Virðingarfyllst,



Þórdís Sif Sigurðardóttir

bæjarstjóri

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður - 8625041

450 8021 – thordissif@isafjordur.is - www.isafjordur.is